

Nefndasvið Alþingis  
Ingvar Þór Sigurðsson  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. Þ 133/476  
Lomudagur 1.12.2006



Akureyrarbær  
Bæjarstjóri

Akureyri, 1. desember 2006  
Tilvísun: 2006110103 / 01-106-01

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landsvirkjun og breytingu á lögum á orkusviði.**

Með bréfi iðnaðarnefndar Alþingis frá 22. þ.m. er óskað umsagnar Akureyrarbæjar um frumvarp til laga um Landsvirkjun og frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði.

Frumvarp um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 er lagt fram í beinu framhaldi af samningum um sölu á eignarhlutum Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun sem undirritaðir voru 1. nóvember sl. Samningurinn var samþykktur í borgarstjórn Reykjavíkur 21. nóvember 2006 og í bæjarstjórn Akureyrar 7. nóvember 2006.

Samkvæmt frumvarpinu verður Landsvirkjun áfram sameignarfyrtæki í eigu ríkisins og Eignarhluta ehf. Síðarnefnda fyrirtækið verður í fullri eign ríkisins.

Með fáum undantekningum felast í frumvarpinu nauðsynlegar breytingar á lögum vegna nýs eignarhalds, sem gefur ekki tilefni til athugasemda af hálfu Akureyrarbæjar. Ein undantekning er að í frumvarpinu er lagt til að 5. grein laga um Landsvirkjun falli brott, en í þeirri grein eru taldar upp virkjanir fyrirtækisins. Hvorki er að finna röksemdir fyrir þessu í greinargerð né athugasemdum við einstakar greinar. Ekki er lagst gegn því að greinin falli brott og þannig Landsvirkjun auðveldað að færa einstakar virkjanir út úr fyrirtækinu, t.d. til dótturfélaga, enda rýri brottfall ákvæðisins ekki réttarstöðu Akureyrarbæjar né Reykjavíkurborgar sem tryggð er í 5. gr. samnings um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum á orkusviði er lagt fram samhliða frumvarpi um Landsvirkjun. Felur frumvarpið enda í sér að eignarhlutur ríkisins í Orkubúi Vestfjarða og Rarik hf. verði lagður inn til Landsvirkjunar sem viðbótareigendaframlag í Landsvirkjun. Auk þess eru gerðar breytingar á lögum er varða skattaréttarlegar skyldur Rarik.

Landsvirkjun með dótturfélögum verður gríðarstórt fyrirtæki með mikið markaðsafl á öllum stigum framleiðslu og dreifingu raforku. Mjög mikilvægt er að efla heilbrigða samkeppni á raforkumarkaði. Verði þetta frumvarp að lögum kallar það á enn virkara eftirlit á þessu sviði.

Virðingarfyllst  
f.h. Akureyrarfélags  
*Kristján Þór Júlíusson*  
Kristján Þór Júlíusson  
bájar  
AKUREYRI

